

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

APRÍL 2014



4. tbl. 17. árg.

Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

HÖFUM OPNAÐ HEILSUHÖF
V/ SUÐURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)

Systrasamlagið
Virka daga: 9 - 18
Laugardagar: 10 - 16
sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagið

Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboði!

- bls. 16
Bernskuminnigar Pórunnar Ásdisar



Fermingarbörnin í Neskirkju 12. apríl sl. voru að sjálfsögðu brosandir og glöð þegar athöfnin í kirkjunni var afstaðin, og það voru prestar Neskirkju einnig, þeir Örn Bárður Jónsson og Sigurður Árni Þórðarson. Pennan dag voru fermd 45 ungmenni í tveimur athöfnum. Í Nesirkju fermast flest börn sem eru skráð í þjóðkirkjuna. Í ár femast í Neskirkju 82 fermingarungmennir.

Verður byggt fjölbýli við Þorragötu?

Á fundi Hverfisráðs Vesturbæjar lögðu fulltrúar sjálfstæðismanna fram tillögu um að íbúar verði upplýstir um hugmyndir um íbúabyggð á horni Suðurgötu og Þorragötu.

Í tillögunni segir m.a.: „Í borgarráði í síðustu viku var lögð fram tillaga þar sem umhverfis- og skipulagssviði er ætlað að vinna deiliskipulag fyrir byggingarreiti fyrir svokölluð Reykjavíkurhús. Tilgreindir voru nokkrir staðir sem kæmu til greina og hve marg-

ar íbúðir gætu mögulega risið þar. Einn þessara staða er á horni Suðugötu og Þorragötu eða nánar tiltekið á svæði þar sem skólagarðar voru til langs tíma og nú er matjurtargarður fyrir borgarbúa. Þarna stendur til að risi allt að 70 íbúða fjölbýlishús. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að þessi áform verði kynnt íbúum og þeir upplýstir um þessar fyrirætlanir hið fyrsta. Vala Ingimarsdóttir, fulltrúi sjálfstæðismanna í hverfisráðinu hefur áhyggjur af

því ef troða á niður byggð á þessu svæði án nokkurrar vitnesku íbúanna um það. „Viða er verið að þétta og þrengja byggðina hér í Vesturbænum og það er eins og enginn grænn blettur megi vera ósnortinn. Á sama tíma og verið er að hvetja til sjálfbærni og græns lífsstíls er verið að leggja til að eini matjurtargarðurinn í hverfinu víki fyrir fjölmennri byggð með tilheyrandi raski, ónæði, aukinni umferð og mengun sem enginn vill búa við.”



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

PANTAÐU Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345

Fljótt og Gott
Glæsilegur heimilismatur
alla daga frá 10.30 til 20.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

græn heilsa
Ægisíða 121
Sími 551 1717
Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.



Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224

TILBOÐ

frosin
Fjallalamb's lambalæri

Gildir frá miðvikudegi-mánudags
16.-21. apríl, á meðan birgðir endast

aðeins kr. 998.- kg

Opið:
Fimmtudag 17. apríl,
skírdag kl. 10-20
Föstudaginn langa er lokað
Laugardagur 19. apríl kl. 10-20
Páskadagur er lokað
Annar í páskum kl. 10-20
GLEÐILEGA PÁSKA



Freyju Rísegg
no.4 aðeins
kr. 698.- stk.



Jarðarber
298 askjan

Glæsilegt úrval af erlendum ostum!

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

4. tbl. 17. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Jökla, nýtt ungmennahús í Vesturbænum

Jökla er ungmennahús fyrir unglinga í Vesturbæ og var haldin vegleg opnunarátt fyrir skömmu. Í Jöklu munu ungmennin setja sér sjálf markmið og viðmið í starfinu. Ungmennin á aldrinum sextán til átján ára komu saman og fögnuðu því að eiga sér samastað þar sem þau geta hent í köku, lært á lífið og lengt líftíma með gleði. Frostaskjólíð hefur lengi verið samkomustaður unglinga og ungmenna í Vesturbænum og nú hefur verið opnaður nýr vettvangur sem vonandi vex, dafnar og þroskast á næstu árum.

Aðdraganda þessa má rekja til upphafs vorannar, en síðan þá hefur farið fram endurskipulagning á ungmennahúsinu, sem hefur verið starfrækt undanfarin ár í húsakynnum Frostaskjólís. Eftir hugmyndavinnu og heimsóknir í önnur ungmennahús á höfuðborgarsvæðinu tóku starfsmenn og fulltrúar úr Ungmennaráði Vesturbæjar þá ákvörðun að umbreyta starfinu algjörlega og skipta um gír. Í samstarfi við Ungmennaráðið hefur á undanförunum vikum verið unnið markvisst að því að leggja grunn að því sem koma skal og eru allar breytingar og nýja nafnið á ungmennahúsið frá því komið. Starfið í Jöklu verður frábrugðið því sem unnið er á grunnskólastigi en þar munu ungmennin koma að allri skipulagningu, vinna að kostnaðaráætlun og setja sér sjálf markmið og viðmið í starfinu. Í Jöklu er frábær aðstaða sem ungt fólk í Vesturbænum getur nýtt til sköpunar, afslöppunar, lærdóms, eldamennsku og ræktað allt sem hugurinn gírmist. Ungmennahúsið er viðbót við félagslíf framhaldsskólanna og vettvangur þar sem einstaklingar á aldrinum 16 til 18 ára geta skapað og notið samveru í vímuefnalausum umhverfi, staður þar sem hægt er að funda, vinna hljóð, myndbönd, skólablöð eða bara næra sálartetrið í góðum félagskap.

Almenningur getur sent inn tillögur að skipulagi Háskólasvæðisins

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands í samstarfi við Arkitektafélag Íslands efndu í febrúar sl. til hugmyndasamkeppni um heildarskipulag fyrir Háskólasvæðið. Frestur til að skila inn tillögum hefur verið framlengdur til 12. maí og er áætlað að niðurstaða dómnefndar liggi fyrir í byrjun júní. Þátttakendur geta skilað inn heildarhugmyndum að framtíðarskipulagi eða lagt hugmyndir inn í umræðuna. Almennur getur því sent inn tillögur að skipulagi eða fyrirkomulagi að hluta svæðisins.

Vonir standa til að hugmyndir sem vinna til verðlauna nýtist í áframhaldandi vinnu við gerð rammaskipulags fyrir svæðið. Háskólasvæðið afmarkast af Suðurgötu, Hjarðarhaga, Dunhaga og Birkimel til vesturs, Hringbraut til norðurs, Njarðargötu til austurs, þar með talið svæði Fluggarða en af holti fyrir sunnan stúdentagarða við Eggertsgötu til suðurs. Aðeins tillögur sem fela í sér heildarlausn alls svæðisins koma til greina til verðlauna en tillögur þar sem einungis hluti svæðisins er tekinn fyrir koma, eftir atvik-

um, til greina vegna innkaupa og viðurkenninga fyrir athyglisverðar tillögur. Meginmarkmið samkeppninnar eru að fá fram heildstæðar tillögur um svæðið; að fá fram tillögur sem undirstrika sérstöðu svæðisins og efla það sem menningarkjarna í borginni og skapa virkt og aðlaðandi svæði með góðum tengingum, bæði innbyrðis og við nærliggjandi svæði.

Styrkir til metnaðarfulls fagstarfs í skólum og frístundastarfi

Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs og Eva Einarsdóttir varaformaður afhentu 10. apríl sl. styrki til metnaðarfulls fagstarfs í skólum og frístundastarfi í borginni fyrir ríflega þrjátíu milljónir króna. Alls var úthlutað til 16 almennra verkefna og 38 þróunarverkefna. Við afgreiðslu almennra styrkja var haft að leiðarljósi að veita styrki til verkefna sem stuðla að auknu foreldrasamstarfi en fjölmennarlegt skóla- og frístundastarf og kennsla í íslensku sem öðru máli var leiðarstef við veitingu þróunarstyrkja. Hæsti almenni styrkurinn, 600.000 krónur, fór til ADHD-samtakanna til að útbúa námskeið á netinu fyrir leiðbeinendur í íþrótt- og tólmundastarfi. Verkefnið Sögupokinn sem miðar að því að efla íslenskukunnáttu fjölskyldna af erlendum uppruna, fékk næsthæsta styrkinn, 450.000 krónur, og forvarnarverkefnið Ella umferðartröll og farandsýningin Undir himni, sem ætluð er leikskólabörnum, fengu 400.000 krónur styrk hvort.

Búningsklefar karla í Vesturbæjarlaug verða endurgerðir

Borgarráð lagði nýlega fram svohljóðandi bókun: „Borgarráð samþykkir að ráðist verði í endurgerð búningsklefa fyrir karla í beinu framhaldi af endurgerð kvennaklefa í Vesturbæjarlaug, en það leiðir til sparnaðar í heildarverkinu. Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði falið að útfæra tillögu að breytingu á fjárfestingaáætlun þannig að verkefnið rúmist innan hennar. Fagna ber þessari tillögu því það er einfaldlega ömurlegt og ekki mönnum bjóðandi að þurfa að nota núverandi karlaklefa, ekki síst þar sem kominn er nýr heitipottur og umhverfið við laugina endurbætt. Konum skal hins vegar óskað til hamingju með nýja klefa.

Mikilla breytinga óskað að Nesvegi 44

Á afgreiðslufundi byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar var tekið fyrir erindi Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur og Hauks Inga Guðnasonar að Marargötu 2, en sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi, koma fyrir verönd (svölum) á austurhlíð, hækka mæni um 50cm, bæta við kvisti, stækka kvist sem fyrir er og koma fyrir svölum á þakhæð einbýlishúss á lóð nr. 44 við Nesveg. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. september 2013 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa. Afgreiðsla var frestað og vísað til athugasemda

á umsóknarblaði. Málinu var vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.

Timburhús á Njálsgötu

Unnur Guðjónsdóttir, Svíþjóð, hefur sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri, hæð og ris með staðsteyptum kjallara á lóð nr. 33B við Njálsgötu. Varmatapsútreikningur fylgir ásamt útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa og umsögn skipulagsfulltrúa sem og umsögn Minjastofnunar Íslands. Afgreiðsla frestað. Það er hins vegar umhugsunarvert hvort ekki væri snjallt að fá nýtt timburhús á Njálsgötuna innan um öll gömlu og stöðluðu byggingarnar í þessu hverfi. Mörg hús við Njálsgötu, Grettisgötu og Bergþórugötu eru sannarlega orðin lúin, en segja byggingasögu ákveðins tíma í Reykjavík.

Styrkveitingar

Lagt var fram yfirlit á fundi borgarráðs nýverið um styrkumsóknir til borgarráðs ásamt fylgigögnum fyrir skömmu. Samþykkt var að veita Með oddi og egg ehf. 400 þúsund krónur til styrk til útgáfu hverfblaðs Miðborgar og Hlíða. Samþykkt var að veita Arkitektafélagi Íslands 500 þúsund krónur til styrk til undirbúnings málþings/sýningar á HönnunarMars; samþykkt að veita Bergljótu Soffíu Kristjánsdóttur 100 þúsund krónur yrk vegna fyrirlestrar um samliðan; samþykkt að veita Sigurði Haukdal 200 þúsund króna styrk vegna útvarpsstöðvarinnar Rispan; samþykkt að vísa umsókn Gróðurs fyrir fólk í landnámi Ingólfs til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs og samþykkt var að vísa umsókn hestamannafélagsins Harðar til meðferðar íþrótt- og tólmundasviðs.

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða flutt á Laugavegin

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða opnaði á nýjum stað að Laugavegi 77, 2. og 3. hæð, mánudaginn 14. apríl. Vegna flutninganna var Þjónustumiðstöðin að Skúlagötu 21 lokuð föstudaginn 11. apríl. Forstöðumaður þjónustumiðstöðvarinnar er Sigtryggur Jónsson.

Vesturbæingar



„Nú fara Vesturbæingar að taka til í gördunum og í kringum sig því sumarið er að koma.“

Bjartsýni í efnahagslífinu og skæruverkföll

Forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sagði á ársfundi Samtaka atvinnulífsins að hið stóra efnahagslega plan felist í því að trúa á Ísland, í því að virkja þann kraft sem býr í fólkinu, landinu og miðunum, trúa á okkur sjálf og þau tækifæri sem okkur bjóðast, hafa aga til að takast á við góða sem slæma tíma og ráða sjálf yfir okkar auðlindum. Stóra planið byggist á tveimur grunnstoðum; annars vegar virkum alþjóðasamskiptum og hins vegar agaðri hagstjórn. Forsætisráðherra sagði tímabært að segja skilið við hugarfar afturhalds, neikvæðni og niðurrífs. Hann benti á að horfa yrði til stöðunnar eins og hún væri í raun og veru nú þegar áhrifin af breyttri stefnu við stjórn landsins eru farin að koma fram. Forsætisráðherra nefndi meðal annars að hagvöxtur tók óvæntan kipp á síðasta ársfjórðungi 2013 og nú er útlit fyrir mikinn áframhaldandi hagvöxt, jafnvel þann mesta í Evrópu. Hagvöxturinn er fyrst og fremst knúinn áfram af öflugum útflutningi en ekki af einkaneyslu. Útflutningur sem hlutfall af landsframleiðslu hefur aldrei mælst hærrí síðan mælingar hófust en nú. Þetta hljómar auðvitað ótrúlega vel, og það er gott fyrir sálartetrið að trúa því sem hér er sagt. Hinu mögru ár allt frá árinu 2008 gera það að verkum að um mann fer ánægjuhrollur. Ef um bakslag yrði að ræða yrðu vonbrigðin að vísu ennþá meiri. Losun fjármagnshafna er enn stærsta verkefnið í fjármálum ríkisins sem ríkisstjórnin glímir við. Hvernig það mun ganga er hins vegar enn óljóst en margir telja að það gerist ekki nema Ísland gangi í Efnahagsbandalagið og við tökum upp evru sem gjaldmiðil. Helsta umræðuefnið undanfarið hefur hins vegar verið verkfall framhaldsskólakennara sem nú er leyst, en háskólakennarar hafa boðað verkfall og vilja bæta sín kjör, grunnskólakennarar bíða í starfholunum og leikskólakennarar gætu hugsað sér til hreyfings í haust ef ekki verður hlustað á þeirra kröfur. Svo nota aðrir sér áhrifamátt skæruverkfalla, eins og t.d. flugvallarstarfsmenn, sem stöðvuðu í vikunni flugsamgöngur til og frá landinu í margar klukkustundir. Hætt er við að fleiri stéttarfélag nýti sér vaxandi ferðamannastraum til landsins sér til framdráttar í kjarabaráttu og boði til skæruhernaðar þegar ferðamannastraumurinn verður sem mestur á komandi sumri.

Líklegt er að sá skaði sem það mundi valda yrði ekki lagfærður svo auðveldlega eða fljótt. Sennilega þyrfti að koma til eldgos inni á hálendinu líkt og varð þegar gosið var á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

En hvað býr í framtíðinni á Íslandi? Framundan eru sveitarstjórnarkosningar og framboðslistar eru þessa dagana að birtast hver af öðrum. En eins og venjulega eru margir tilkallaðir en fáir útvaldir. Margir telja sig hæfasta til að stjórna því sveitarfélagi sem þeir búa í, eiga svör á reiðum höndum við öllum þeim úrlausnarmálum sem fram undan eru, og telja marga þá sem stjórnað hafa sveitarfélaginu undanfarin ár ekki hafa staðið sig sem skyldi. En mörgum sveitarfélögum er afar þröngur stakkur búinn fjárhagslega, Reykjavík þar ekki undantekning, svo margt þetta bjartsýnisfólk verður fyrir miklum vonbrigðum ef það kemst til valda og kemst að því að stjórnun bæjarfélagsins felst ekki í framkvæmdaglegi heldur miklu fremur að lækka skuldir og fresta framkvæmdum. Ekki er ósennilegt að úrslit sveitarstjórnarkosninganna í næsta mánuði verði við óvænt. Fylgi við fjórflokkanna hefur víða hvar dalað, ungt fólk sér framtíðina fremur kristallast í stuðningi við ný framboð, ný stjórnálagamtök eins og Bjarta framtíð og Pírata eða framboð sem lofa lausn á vandamálum sem lengi hafa verið til umræðu í viðkomandi sveitarfélagi. En nú fer að vora, bjartsýnin eykst og vonandi verður það einnig í efnahagslífi þjóðarinnar. Eigum við ekki orðið það skilið eftir öll mögru árin að undanfögnu? Ég held það hreinlega.

Geir A. Guðsteinsson ritstjóri

Nýr pottur í Vesturbæjarlaug



Fyrir
líkama
og sál

Nú er lokið framkvæmdum við nýjan pott og vaðlaug í Vesturbæjarlaug. Við þökkum sundlaugargestum kærlega fyrir þolinmæði og skilning á meðan á framkvæmdum stóð um leið og við bjóðum þá velkomna í einn glæsilegasta heita pott landsins, sem sameinar það besta úr pottameningunni í Reykjavík.

Afgreiðslutími
Vesturbæjarlaugar
Mánud. - fimmtud..... **6:30 - 22:00**
Föstudaga..... **6:30 - 20:00**
Helgar..... **9:00 - 18:00**



Laugarnar í Reykjavík



Skemmtilegur frítími



Engin skömm að hafa gaman af því sem maður gerir

Sigurður Björn Blöndal leiðir framboð Bjartrar framtíðar við komandi borgarstjórnarkosningar í Reykjavík. Björn eða S. Björn Blöndal eins og hann kallar sig gjarnan tók þátt í framboði Besta flokksins fyrir bráðum fjórum árum. Var á lista flokksins en gerðist síðan aðstoðarmaður Jóns Gnarr borgarstjóra og hefur starfað við hlið hans sem slíkur það kjörtímabil sem nú er að líða. Björn hefur ekki tranað sér fram í starfi aðstoðarmannsins en verið maðurinn á bak við tjöldin, sinnt sínu starfi frá degi til dags og þannig kynnst bæði innviðum borgarkerfisins og einnig þeim málum sem unnið hefur verið að hverju sinni.

Björn er fæddur í Reykjavík en ólst upp á Hallormsstað til átta ára aldurs en flutti þá með fjölskyldu sinni til Hafnarfjarðar þar sem hann óx upp til fullorðinsára. Foreldrar hans eru Guðrún Sigurðardóttir og Sigurður Blöndal sem lengi var Skógræktarstjóri ríkisins. Sambýliskona Sigurðar Björns er Sigurbjörg Gylfadóttir menntaskólakennari og eiga þau tvo syni, Odd og Gylfa og býr fjölskyldan við Brekkustíg í gamla Vesturbænum í Reykjavík. Björn segist lengst af hafa fylgst með stjórnmálum af hliðarlínunni. „Faðir minn var virkur í stjórnmálum og varþingmaður um tíma. Ég hafði ekki hugsað mér að gera stjórnmálaþátttöku að ævistarfi og fékkst við ýmis störf í gegnum tíðina. Ég hef unnið við eitt og annað. Verið verslunarmaður, tónlistarmaður, blaðamaður, verkamaður og sjómaður. Einnig sérfræðingur, kvikmyndagerðamaður, markaðsstjóri, framkvæmdastjóri prentsmiðju, rútubílstjóri, ruslahreinsunarmaður og líklega eitthvað fleira. Það sem mér finnst mikilvægast í lífinu er að hafa gaman af því sem ég er að gera hverju sinni.“

Laugardalslaugin er mín laug

Björn var inntur frekar eftir æsku sinni og lífshlaupi áður en Besti flokkurinn kom til og þar koma Fljótsdalshérað og síðan Hafnarfjörður fyrst við sögu. „Ég bjó fyrstu átta árin á Hallormsstað þar sem faðir minn starfaði sem skóg-



Sigurður Björn Blöndal leiðir framboð Bjartrar framtíðar við komandi borgarstjórnarkosningar í Reykjavík.

arvörður. Þá tók hann við starfi skógræktarstjóra og við fluttum suður nánar tiltekið til Hafnarfjarðar þar sem ég ólst síðan upp. Ég hef líka sterkar rætur til Teiganna í Reykjavík. Var oft hjá ömmu minni sem bjó þar og enn þann í dag fer ég að synda í Laugardalslauginni. Hún er mín laug.“

Björn segir að gott hafi verið að alast upp í Hafnarfirði. „Ég hafði það gott og þetta umhverfi fullnægði þörfum mínum. Það var ekki fyrr en að ég komst á unglingsár að höfuðborgin fór að draga mig til sín. Smá saman fór stærri og stærri hluti af lífi mínu að tengjast borginni og ég fór fram og aftur með Landleiðum og stundum bara á puttanum. Húkkad mér far. Pabbi var líka að vinna á Ránargötunni þar sem skógræktin var til húsa og ég kynntist þannig miðbænum og gamla Vesturbænum.“

Íþróttuferlinum lauk skyndilega

Björn segir lífið hafa verið hefðbundið alla vega framan af. „Ég stundaði íþróttir eins og krakkar og unglingar gera og einnig tónlistarnám. Ég lærði á gítar. Íþróttamannsferlinum lauk þó nokkuð skyndilega um 12 ára aldurinn. Ég var á leið austur í Skaftafell með fjölskyldunni. Ég skaust niður á völl til að spila handbolta og skaut svo kröftuglega að handleggurinn hrökk í sundur. Þetta varð til þess að ferðaáætlun fjölskyldunnar breyttist því ég þurfti að komast undir læknishendur til þess að búa um beinbrotið. Eftir þetta snéri ég mér alfarið að tónlistinni.“

Hann segir að þetta hafi verið á þeim árum sem pönkið var að líða undir lok og nýbylgjan að koma sem ný tónlistarstefna. „Tónlistin var nokkuð hrá og hljómsveitarhöfnin eftir því. Þegar ég var 13 ára stofnuðum við nokkrir strákar

hljómsveit sem hét Heilaskemmdir. Nafngiftin var í takt við tíðarandann í tónlistinni. Þetta var eftir Rokk í Reykjavík og gerjun í gangi í tónlistarlífinu og nýjar hljómsveitir komu fram. Menn höfðu þó mismikið úthald og sumir dattu fljótlega af vagninum. Í Hafnarfirði fórum við að spila á skólalaböllum, í Lækjarskóla og svo seinna á allskonar viðburðum í Flensborg. Flensborg og lönskólinn í Hafnarfirði voru hinir eiginlegu áfangastaðir ungmennanna eftir grunnskóla. Einstaka krakki fór þó inn í Reykjavík, í MR, MH eða Versló en það var ekki algengt.“

Hljómsveitir sem ruddu brautina

Björn rifjar upp kynni sín af ungum mönnum á þessum tíma. Kynnum sem áttu eftir að reynast áfrifarík síðar á lífsleiðinni. „Á þessum árum kynntist ég miklum heiðursmönnum. Óttarri Proppé

og Jóni Gnarr. Frændunum Þorgeiri Guðmundssyni kvikmyndagerðarmanni og Sigurjóni Kjartanssyni kynntist ég svo í girðingavinnu hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Við Sigurjón, Óttarr og fleiri stofnuðum síðar hljómsveitina HAM. Við vorum 18 og 19 ára og mest allt vit okkar fór í þessa hljómsveit næstu árin. Þá hófst bæði skrautlegur og skemmtilegur tími. Um svipað leyti fluttu foreldrar mínir aftur austur á Hallormsstað þegar faðir minn hætti í starfi skógræktarstjóra og fór á eftirlaun. Ég flutti í Kópavoginn og við strákarnir í HAM vorum allir í fullri vinnu til þess að geta fjármagnað hljómsveitarævintýrið. Okkur fannst sjálfsagt að við ættum að ná árangri í útlöndum. Sykurmolunum hafði þá tekist að komast inn á erlendan markað sem Björk tók svo enn lengra eftir að hún fór að starfa sjálfstætt. Og okkur ungu mönnum í HAM fannst sjálfssagt að við gætum þetta líka. Þessar hljómsveitir sem kenna má við Smekkleysutímabilið í plötuútgáfu ruddu að mínu mati brautina fyrir þá tónlistarsköpun sem nú hefur náð að skjóta rótum og á góðu gengi að fagna erlendis. Þetta smitaðist áfram og allir voru að reyna. Þessi bransi tók miklum stakkaskiptum á árunum 1988 til 1994 og við vorum farnir að njóta ávaxtanna af því undir lokin. Við lögðum mikla vinnu í æfingar. Æfðum undir drep ef svo má segja og ég held að við höfum átt orðið góða innistæðu. Lokahnykkurinn var svo í Bandaríkjunum 1993. Okkur gekk að mörgu leiti vel en fundum líka fyrir því að mikið þyrfti að gera til þess að halda áfram. Menn verða líka að vera alveg samstíga til þess að geta farið þessa leið. Við komum heim um haustið. Ákváðum að þetta væri orðið fínt og létum leiðir skilja um sumarið 1994.“

Sjó- og blaðamennska eystra

Þarna varð millibilsástand í lífi viðmælanda okkar. „Foreldrar mínir voru fluttir austur og ég hélt austur á land. Kunningi minn sagði að það væri mikið upp úr því að hafa að fara á sjó. Ég fór niður á Eskifjörð og talaði við útgerðarstjóran hjá Alla ríka og var skráður um borð. Ég prófaði



Tilbúið á einungis 2-3 mín.
Ferskt og fljótlegt!

Passione di Pasta
PASTELLA

Þetta en fann fljótlega að ekki væri eins mikið upp úr því að hafa eins og kunninginn hafði látið skína í. Mér fannst ég ekki fá borgað samkvæmt framlagi og fór aftur upp á land. Um haustið fór ég að vinna í grunnskólanum á Hallormsstað og fékk hin og þessi verkefni eystra. Ég gerðist fréttamaður við Austra, blaði framsóknarmanna á Austurlandi. Á þeim tíma var farið í samkrull við Dag Tímamann en þá höfðu þau blöð verið sameinuð í eitt og var með höfuðstöðvar á Akureyri. Ég varð fréttaritari þess á Austurlandi og sendi þeim nokkrar fréttir á viku af austurlandsbyggðarefni. Svo hitti ég Sigurbjörgu, konuna mína. Hún var úr Hafnarfirðinum og ég þekkti hana lítillaga þaðan. Hún var að kenna við Menntaskólann á Egilstöðum. Þessi gömlu kynni rifjuðust upp og við fórum að búa saman. Svo kom að því að við áttum von á barni og þá drifum við okkur suður og settumst að á Seljaveginum.“

Duttum svo í heim borgarmálanna

Þegar ég kom aftur í bæinn fór ég að vinna í hljómtækjageiranum. Ég og félagi minn opnuðum verslun rétt fyrir aldamótin 2000. Rekstrargrundvöllurinn var ekki nægilega góður en ég hélt áfram í þessu bransa í nokkur ár. Við Óttarr Proppé og Þorgeir Guðmundsson vorum líka með kvikmyndaverkefni. Við vorum að gera heimildamyndir og stuttmyndir og alltaf að þróa bíómyndir. Svo kom HAM saman aftur 2001. Eftir það fórum við að gæla við að gaman gæti verið að koma aftur saman og spila og árið 2005 fórum við af stað að nýju. Við höfum verið eins og saumaklúbbur síðan.“

Björn segir að finna megi upphafið að Besta flokknum innan HAM og Smekkleysu. Jón Gnarr tengdist Smekkleysu og var mikið með okkur. Sigurjón Kjartansson vildi fá hann til þess að lesa ljóð í upphafi tónleika þarna í byrjun. Menn

höfðu ýmsar skoðanir á því. Þeir fóru svo að vinna saman með Tvíhöfða og Fóstbræður í útvarpi. Svo lá leið Jóns í Vaktirnar þar sem hann túlkaði Bjarnfreðarson með eftirminnilegum hætti. Svo duttum við inn í þennan heim sem við höfum verið í síðustu fjögur árin. Heim borgarmálanna.“

Ánægjuleg og lærdómsrík ár

Björn segir þessi ár hafa bæði verið ánægjuleg og lærdómsrík „Við náðum að koma inn með okkar hugarfarar og höfum reynt að nálgast öll verkefni á vegum borgarinnar á jákvæðan hátt. Starfsfólk borgarinnar tók okkur vel. Menningarsjokkið til að byrja með var fyrst og fremst að við vorum að hluta til farin að vinna með fólk sem var ekki að vinna með okkur heldur á móti, það er hinn pólitíski hluti starfsins. Hins vegar náðum við strax að byggja upp traust við starfsfólk borgarinnar og það hefur haldið áfram að aukast. Þessi pólitíski leikur sem jafnan er spunninn í borgarmálunum líkt og í þjóðmálunum og snýst meira um valdabaráttu en raunverulegan skoðanaágreining. Þessi með og á móti leikur getur verið skaðlegur vegna þess að hann getur haft nauðsynlega framþróun. En þrátt fyrir þessa hefð hefur okkur tekist að ná saman um mjög margt. Við erum flest nokkuð sammála hvert skuli stefna. Áherslumunurinn getur alltaf verið nokkur en meginmarkmiðin eru lík. En það er heldur ekkert eftirsóknarvert að allir séu eins. Tilhneigingin er að kalla eftir skörpum skilum en þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta bara fólk sem er að bjóða fram krafta sína en auðvita þurfa kjösendur að vita fyrir hvað það stendur.“

Við byggjum á ólíkum kúltúr

Björn segist oft vera spurður að því hver sé munurinn á milli

Bjartrar framtíðar sem Besti flokkurinn er nú genginn til liðs við og Samfylkingarinnar. „Við erum samtíga í mörgum tilvikum en erum engu að síður ólíkir hópar með ólíkan bakgrunn og ólíkan kúltúr til að byggja á. Það er allt annað andrúmsloft innan okkar raða en hefðbundnu stjórnmálaflokkanna. Ég hef ekkert á móti þessum flokkum en engu að síður er staðreynd að sá hópur sem myndaði Besta flokkinn og er nú að starfa innan Bjartrar framtíðar hefði ekki gegnið til liðs við gömlu flokkana eða boðið sig fram á þeirra forsendum. Besti flokkurinn var ekki hefðbundinn stjórnmálaflokkur. Það mætti fremur flokka hann sem ákveðinn hugsunarhátt. Hugsun um að geta breytt hlutum til hins betra og hafa gaman af. Við vorum ekki hrædd við að viðurkenna að við vissum ekki allt. Við leituðum okkur ráðgjafar og vorum tilbúin til að hlusta. Með það að leiðarljósi tel ég að okkur hafi tekist að gera gagn í borgarstjórn. Ég er enn sama sinnis og mun reyna gera mitt besta. Ég held líka að ákveðin hugarfarabreyting hafi átt sér stað í borgarstjórninni. Við höfum opnað dyrnar fyrir fólk sem annars hefði ekki tekið þátt í borgarmálunum. Við höfum verið að breikka þátttökuhópinn og vinna að því að auka íbúalýðræðið. Ef vel gengur með framhaldið þá tel ég það geta haft áhrif til lengri tíma og þá er talsvert unnið.“

Reykjavík er minn staður

„Við Sigurbjörg höfum verið í Vesturbænum síðan við komum að austan,“ heldur Björn áfram. „Við erum orðin vön umhverfinu og mannfólkinu og höfum töluverðar taugar til Vesturbæjarins. Reykjavík er minn staður og ég á erfitt með að mæta mig inn í annað umhverfi. Ekki á Íslandi að minnsta kosti.“

Björn segir að Reykjavík hafi sinn sjarma nokkuð sem hann vilji ekki vera án. „Nú eru strákarnir

okkar að stækka og við farin að búa nokkuð þröngt þannig að við erum farin að líta í kringum okkur eftir hentugra húsnæði. En fórum ekki úr fyrir Reykjavík.“

Hugarfarsbreytingin kemur að utan

Björn segir að miðhluti Reykjavíkur hafi verið að vaxa. Miðja borgarinnar hafi færst til á undanförunum árum. Laugardalurinn og Hlíðarnar séu orðin miðsvæðis í borginni. Svo hafi hjólræðamennin verið að breiðast út. Ég held að þetta tengist ákveðnum hugarfarabreytingum sem eru að eiga sér stað og ef til vill að einhverju leyti kynslóðabili. Þetta hefur verið að stigmagnast undanfarin tíu ár. Einkabíllinn var upphaf og endir alls til þess að komast á milli staða. Bílum fjölgaði mikið á ákveðnu tímabili og umferðin þyngdist einkum á álagstímum. Nú er komin kynslóð sem skynjar kosti almenningsamanga og hjólræða.“

Björn segir Besta flokkinn ekki hafa skapað þessa hugarfarabreytingu. „Hún hefur þróast víða um heim - bæði í Bandaríkjunum og Evrópu þar sem ungt fólk hefur verið að tileinka sér nýjan lífsstíl. Hreyfing og heilsuefning er orðin eðlilegur þáttur í lífi margra öðru-

vísi en áður var. Það sem við í Besta flokknum höfum verið að gera er að bregðast við þessari þróun og greiða fyrir henni meðal annars með aukinni fjölbreytni í samgöngum. Ég bý þannig að ég get labbað í vinnuna og geri það oftast. Ég nota Strætó líka til dæmis ef ég þarf úr ráðhúsinu inn á Höfðatorg þar sem stór hluti skrifstofuhalds borgarinnar er til húsa. Ég held að fleiri og fleiri verði sammála um gildi hreyfingar og fólk vill eiga þess kost að geta hreyft sig. Sem dæmi get ég nefnt að Háskóli Íslands hefur markað sér samgöngustefnu og hefur tekið upp samgöngustyrki til starfsfólks. Það hefur meðal annars leitt til umtalsvert færri veikindadaga starfsfólks. Mér finnst samfélagsleg skylda að standa að baki þessarar þróunar. Auðvitað eru forrétindi að geta gengið í vinnuna á innanvið tíu mínútum. Umhverfið verður aldrei þannig að allir geti nýtt sér fætur og reiðhjól til þess að komast daglega leiða sinna. En fólk á að geta nýtt sér þennan ferðamáta eins og það kys. Og þá kemur samfélagið til. Í okkar tilvik er borgin að greiða fyrir þessum umferðamáta og öðrum breytingum á lífsstíl fólks. Það er þjónusta sem bæjarfélög eiga að veita íbúnum.“



Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

HEIMILISMATUR ALLA DAGA VIKUNNAR



Á veitingastaðnum Fljótt og Gott á BSÍ bjóðum við upp á fjölbreytt úrval af girnilegum heimilismat alla daga vikunnar frá kl. 11.00 til 20.00 sem matreiðslumeistarar okkar töfra fram. Verð er frá aðeins **1.390 kr.** og fylgir súpa dagsins, salatbar og kaffi eða te með öllum réttum.

Að auki bjóðum við alltaf upp á klassíska þjóðarrétti eins og reykt og soðin svið, kjötsúpu, djúpsteiktan fisk og lambakótilettur í raspi. Njóttu þess að borða í heimilislegum veitingasal okkar eða taktu matinn með heim.

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI PÉR !



VÍKING
LÉTTÖL

Alltaf næg frí bílastæði - heimilislegt andrúmsloft

Coca-Cola

Veitingastaðurinn Fljótt og Gott á BSÍ / Umferðarmiðstöðin - Sími: 552-1288 / www.fljottoggott.is

Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar:

Með tónleika í Neskirkju



Hljómsveitin á heimaslóð í í Hljómskálagarðnum. Hljómskálinn hefur verið heimili skólahljómsveitarinnar í rúm 50 ár, og heimili Lúðrasveitar Reykjavíkur frá því hann var byggður fyrir 92 árum síðan.

Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar tók nýlega þátt í Landsmóti B- skólalúðrasveita sem fram fór í Stykkishólmi.

Sveitin spilar næst á landsmóti sem fram fer í Grindavík 2. – 4. maí nk. og e búist við miklum fjölda sveita þangað og miklum lúðrapyt. Vortónleikar Skólahljómsveitar Vesturbæjar og Miðbæjar verða í Neskirkju sunnudaginn 11. maí nk. og eru allir velkomnir til að hlusta á leik þessara hæfileikaríku krakka.

Lúðrasveit Reykjavíkur

Lúðrasveit Reykjavíkur er með tónleika í Neskirkju 18. maí nk. í Neskirkju og kemur Háskólakórinn fram með Lúðrasveit Reykjavíkur, en stjórnandi Háskólakórsins er Gunnsteinn Ólafsson. Þema tónleikanna er kvikmyndatónlist en einnig er ýmislegt annað í pokanum, s.s. lög eftir John Williams. Stjórnandi Skólahljómsveitar Vesturbæjar og Miðbæjar sem og Lúðrasveitar Reykjavíkur er Lárus Grímsson.

Sundlaug Vesturbæjar:

Nýr pottur sameinar allt það besta



Eva Einarsdóttir, formaður ÍTR og Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi settust á sundlaugabakkann og ræddu við börnin. Dagur B. Eggertsson var hins vegar kominn í pottinn og lét heita vatnið verma sig.

Síðasta föstudag var tekinn í notkun nýr pottur í Vesturbæjarlaug. „Potturinn sameinar það besta í pottmenningunni í Reykjavík,“ segir Hafliði Halldórsson forstöðumaður Vesturbæjarlaugar.

„Við notuðum það sem hefur reynst vinsælast í sundlaugum borgarinnar.“

Góðar fyrirmyndir og nýjungar

Í nýja pottinum sameinast margir hlutir. Góðar lausnir frá öðrum pottum í Reykjavík eru notaðar og einnig eru nýjungar kynntar til sögunnar: Óflugir nuddstútar í pottinum byggja á fyrirmynd úr Vesturbæjarlauginni. Tveir stútar dæla 900 lítrum á mínútu og einn tvöfaldur til viðbótar sem skilar 1300 lítrum á mínútu. Viðskiptavinir ræsa dælurnar þegar þeir vilja og ganga þær í eina mínútu í senn. Þá eru tólf svokallaðir Jektor stútar sem draga með sér loft. Fyrirmyndin er sótt í nuddpott Breiðhóltslaugar.

- Iljanuddið er með sama hætti og í nýjum nuddpotti í Árbæjarlaug.
- Vaðlaugin er að sömu stærð og lögun og fyrirmyndin í Grafarvogslaug.
- Flísalögn pottanna, lögun og form; sambland af ávölum, mósaiklögguðum veggjum og bökkum með hálkuvörðum flísum á gangsvæðum á sína fyrirmynd í sjópottinum í Laugardalslaug.
- Til nýjunga teljast fjórir nuddstútar fyrir kálfa sem staðsettir eru í 20, 25, 30 og 35 sentimetra hæð frá botni þannig að nú er bara finna sinn stað.
- Til hliðar við nuddsvæði pottarins er hvíldarsvæði fyrir þá sem vija meiri rólegheit.
- Möguleiki er á gosbrunni eða öðru leiktæki í vaðlauginni.



Séð yfir sundlaugarsvæðið sem hefur tekið miklum breytingum.

Hugmyndir að nýja pottinum voru kynntar á stórri veggmynd í afgreiðslu Vesturbæjarlaugar og gestir beðnir um að koma með athugasemdir. Tillögurnar hlutu góðan hljómgrunn, nema brottnám tveggja af gömlu pottinum. Hafsteinn segir að litli barnapotturinn muni hafa verið einn af fyrstu pottum við sundlaugar Reykjavíkur ef ekki sá fyrsti. Hann var hannaður af Gísla Halldórssyni og er eftirmynd Snorrallaugar í Reykholti. Ákveðið var í kjölfar athugasemda frá gestum að halda gömlu pottinum óbreyttum og byggja kjallara sem tæknirými fyrir nýja pottinn. Þá var gerð breyting á hönnun skjólveggjar. Þegar gamla girðingin var fjarlægð blöstu við græn tré og annar gróður sem viðskiptavinir Vesturbæjarlaugar urðu hufgangnir af og komu með tillögu um gler kæmi í stað hefðbundins skjólveggjar við enda laugarinnar. Þetta var samþykkt og gerðar viðeigandi ráðstafanir og var meðal annars staðsetningu á geymsluskúr breytt til að bæta útsýni. Í breytingum samhliða gerð pottsins hefur laugarsvæði verið stækkað til muna og opnað fyrir sólarljósi. Áætlaður kostnaður er 160 milljónir króna.

Vellíðan á Snyrtistofunni
Eiðistorgi



er ómissandi í lífinu

551 23 23



Komdu og njóttu

20% afsláttur af mat ...

... alla daga sem meistaraflokkur KR spilar á heimavelli.



RESTAURANT-BAR

Vesturgata 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is

Gildir eingöngu á heimaleikjadögum gegn framvísun miðans.



**Heildarlausnir
í hreingerningavörum**
fyrir heimili og fyrirtæki.


Allt á sama stað.

BESTA – HREYFILSHÚSINU

Grensásvegi 18
108 Reykjavík
Sími: 510 0000
www.besta.is



www.borgarblod.is



SALON REYKJAVÍK

NÝJA SUMARLÍNAN 2014
HAUTE COIFFURE FRANÇAISEER
KOMIN Í HÚS. VERIÐ VELKOMIN.

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305

Vesturbæjarblaðið
AUGLÝSINGASÍMI: 511 1188

www.n1.is

facebook.com/enneinn

Michelin gæði allan hringinn

Bíllinn nýtur sín best á hjólbörðum af bestu gerð. Þú færð hágæðahjólbörða frá Michelin á hjólbörðaverkstæðum N1 sem öll hafa hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin.



**Michelin
Primacy 3**

- Frábært undir fjölskyldubílinn og stærri fólksbíla
- Endingargott og sparar eldsneyti
- Besta dekkið – hæsta heildarskor í könnun Autobild 2014



**Michelin
Energy Saver +**

- Undir smærri bíla, meðalstóra og fjölskyldubíla
- Umhverfisvænt, endingargott og stutt hemlunarvegalengd
- Sumardekk ársins 2013 samkvæmt gæða- og öryggisprófum ADAC



**Michelin
Pilot Sport 3**

- Algjör lúxus undir kraftmikla sportbíla
- Gefur gott grip og bætir aksturseiginleika
- Dekk fyrir kröfuharða eigendur sportlegra lúxusbíla

Hjólbörðþjónusta N1:

Bíldshöfða
Fellsmúla
Réttarhálsi
Ægissíðu

440-1318
440-1322
440-1326
440-1320

Langatanga Mosfellsbæ
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði
Grænásbraut Reykjanesbæ
Dalbraut Akranesi

440-1378
440-1374
440-1372
440-1394

Opið

mánudaga-föstudaga
laugardaga

www.n1.is www.dekk.is

kl. 08-18
kl. 09-13



Kaupa ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

Dómkórinn og Kór MR:

Kraftmikill flutningur á Carmina Burana

Dómkórinn í Reykjavík og Kór Menntaskólans í Reykjavík héldu sameiginlega tónleika í Langholtskirkju í marsmánuði, en með þeim komu einnig fram drengir úr Skólakór Kársness og einsöngvararnir Hallveig Rúnarsdóttir, Þorbjörn Rúnarsson og Jón Svavar Jósefsson. Stjórnandi var Kári Þormar.

Flutt var hið metnaðarfulla tónverk „Carmina Burana“ eftir Carl Orff sem var brautryðjandi í tónlistarkennslu barna. Þetta var hátíðleg stund í Langholtskirkju, blönduð virðingu fyrir flytjendum sem greinilega höfðu lagt metnað sinn í að flytja verkið vel og það tókst. Verk Carl Orff er þó enginn lofsöngur í anda nasismans en þeir voru við völd á þeim tíma sem verkið var frumflutt, heldur tónlist sem höfðar til almennings sem heldur tryggð við þetta ögrandi, skemmtilega og fjörlega tónverk. Flytjendur og stjórnandi eiga heiður skilið.



Stjórnandinn, Kári Þormar, með formanni Dómkórsins, Hildi Hreinsdóttur og formanni Kórs Menntaskólans í Reykjavík, Gunnari Thor Örnólfssyni.

www.borgarblod.is

Vesturbæjarblaðið

Sími: 511 11 88



Jafnvægið býr í Systrasamlaginu

- Fallegt handbragð - Fallegt efni - Falleg hugsun - Fallegt innihald -



Jógadýnur og fylgihlutir af bestu gæðum frá Manduka.

NÝ SENDING!



Lífrænt Túrmerik frá Viridian án allra auka- og fylliefna. Það allra besta.



LOKSINS Á ÍSLANDI!

Stórkostlegu sápunar frá Dr. Bronner eru 100% náttúrulegar, lífrænar, ilma dásamlega, fair trade og henta allri fjölskyldunni.



Nærandi sálarfæða Systrasamlagsins; samlokur, þeytingar, skot, croissant og margt fleira.



Nærandi náttúruilmir og ilmvoðn.

PÁSKAR

OPIÐ SKÍRDAG:
11-15.

LOKAÐ:
FÖST. LANGA,
LAUG. 19. APRÍL,
PÁSKADAG OG
ANNAN Í PÁSKUM.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 5116367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16

Indverskir skólakrakkar í heimsókn í Hagaskóla

Föstudaginn 21. mars sl. komu 16 unglingar, bæði stelpur og strákar, frá Indlandi úr Ryan School International til Íslands.

Þeir voru í þrjá daga í Borgarnesi áður en þeir komu í Hagaskóla. Átta nemendur úr Hagaskóla tóku á móti unglíngum en nemendafulltrúarnir tóku líka þátt í verkefninu. Á þeim fjórum dögum sem þeir voru með nemendum Hagaskóla var margt gert semmitlegt, eins og að borða sameiginlegan kvöldmat, kynningar á menningu þeirra og trú, sundferð í Laugardalslauginni, danskennsla og nokkrar ísferðir, þrátt fyrir leiðinlegt veður.

Miðvikudaginn 26. mars var árshátíðin í Hagaskóla og indversku unglíngarnir borðuðu þar með þeim íslensku, og þau voru með frámunanlega flott dansatriði áður en ballið sjálf byrjaði.

„Við lærðum feikilega mikið og áttuðum okkur á hversu öðruvísi okkar heimar virkilega eru. Það

var æðislegt að kynnast svona mörgum og flottum krökkum og læra um aðra menningu. Það sem að gerði þetta allt möguleg vöru Samtökin Samband sem að tengja íslenska og indverska krakka saman og útrýma staðalímyndum um menningu landanna tveggja. Og ein skemmtileg staðreynd um orðið samband er að það þýðir það sama á hindi og íslensku,” sögðu krakkar í Hagaskóla.



Hluti indverska hópsins.



Nemendur Hagaskóla og Ryan School International samankomnir.

Reiðhjóla notkun krefst reiðhjólahljálms



Anna Prastardóttir er í 4. bekk og notar ætíð hjálm þegar hún sest á reiðhjól sítt. Notkun reiðhjólahljálms er mikið öryggisatriði.

Nú þegar vorar fjölgar reiðhjólum í umferðinni í Vesturbænum sem og öðrum hverfum Reykjavíkur. Um leið fjölgar því miður slysum á reiðhjólafólki.

Nokkur brögð hafa verið að því að börn og unglingar hafi verið hjálmlaus á ferð á hjólum sínum og því þarf að breyta. Á hverju ári bjarga hjálmar frá dauða eða alvarlegum slysum og því hvetur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu foreldra og forráðamenn til það sjá til þess að börn og unglingar séu ekki hjálmlaus á ferð á reiðhjólum. Jafnframt eru foreldrar hvattir til að sýna gott fordæmi og setja upp hjálma, því börnin læra það sem fyrir þeim er haft.

Einnig má benda á að geyma reiðhjól á öruggum stöðum og læsa þeim. Ef illa fer, og hjóli er stolið, getur komið sér vel ef eigandinn hefur raðnúmer þess tiltækt. Það auðveldar lögreglu að koma því til skila ef það á annað borð kemur í óskilamunadeild hennar.

SUMARDAGURINN

HÁTÍÐ Í VESTURBÆ 24. APRÍL 2014

FYRSTI

KI.09:00 - 10:00 Bjartsýnisbusl í Vesturbæjarlaug í boði Neskirkju og Vesturbæjarlaugar

KI.10:00 Hólavallagarður - Heimir Bj. Janusarson garðyrkjumaður leiðir rölt um kirkjugarðinn

KI.11:00 Skrúðganga frá Melaskóla að Frostaskjól. Lúðrasveit Reykjavíkur og Ægisbúar leiða gönguna

KI.11:15 - 12:30 **Fjölskylduhátíð við Frostaskjól**
Skemmtidagskrá á plani við Frostaskjól

KI.11:15 Hildur Sverrisdóttir, formaður hverfísráðs Vesturbæjar setur hátíðina

KI.11:20 Sigurvegari Rófunnar, Söngkeppni félagsmiðstöðvarinnar Frosta, Ástrós Sigurjónsdóttir, ásamt Ragnhildi Helgadóttur taka lagið

KI.11:40 Trúðurinn Wally skemmtir

KI.12:00 Sigurvegari Vesturbær Got Talent úr Tíu12 starfi Frostaskjól, Ágúst Beinteinn Árnason

KI.12:10 Ungmennahúsið Jökla, Tindur Sigurðarson og Ingvar Sigurðsson og Karen Lilja Loftsdóttir með tónlistaratriði

HOPPUKASTALAR - ÞRAUTABRAUT KR - VEITINGASALA - KANDÝFLOSS - KASSAKLIFUR

Kynnir: Elín María Árnadóttir úr Ungmennaráði Vesturbæjar



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar

Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagþjónusta ofl.

Ræsting og Ráðgjöf ehf

Alhliða hreingerningarpjónusta
S. 519 7500 • 770 4630
www.clean.is

EHÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Feringar fara nú fram víða

Um þessar mundir eru margar fjölskyldur að undirbúa fermdag unglínganna sinna og það er án efa í mörg horn að líta. Það eru ákveðin tímamót að vera fermdagforeldri í fyrsta sinn og afskaplega skemmtilegt. Í okkar þjóðfélagi hefur fermdaginn afar sterka stöðu og það eru margar venjur og siðir sem tengjast fermdagnum sterkum böndum.

Það þarf ekki að fara langt aftur í tímann til að gera sér ljóst að fermdaginn var tákn um gríðarmikil tímamót í hugum eldri kynslóðanna. Amma talaði um það að við barnabörnin kæmumst í „fullorðinna manna tölu“ þegar við yrðum fermd og hún var með tårin í augunum á fermdaginn af stolti yfir okkur. En upp í hugann hefur án efa líka komið sú staðreynd að meðal hennar kynslóðar voru margir sem fóru að vinna fyrir sér strax eftir fermdaginn og þess vegna var fermdaginn jafnframt tengd því að áhyggjuleysi æskuáranna var að baki. Meðal almennings heyr-



Fermdagbörn í Nes Kirkju 12. apríl sl. ásamt prestum safnaðarins en þann dag voru fermd 45 ungmenni í tveimur athöfnum. Í Nes Kirkju fermd flest börn sem eru skráð í þjóðkirkjuna. Í ár fermd í Nes Kirkju 82 fermdagungmenni.

ir maður stundum þá skoðun að litið sé á fermdaginn sem staðfestingu á skírinni og um leið viljayfirlýsingu þess efnis að vilja tilheyra kristinni kirkju og vilja láta kristin gildi móta lífsafstöðu sína.

Skírinn hefur frá öndverðu verið innganga í kirkjuna og upphaflega tengdist trúfræðslan skírathöfninni. Á fyrstu öldunum var það einkum fullorðin fólk sem var skírt eftir að það hafði tekið trú og verið uppfært um skírdóminn. Eftir að barnaskírinn varð hin almenna regla hvarf hin markvissa skírathöfn og farið var að kenna fræðin eftir skírinn og var ákaflega mismunandi hvernig að þeirri fræðslu var staðið.

Íslenska orðið fermd er dregið af latneska orðinu confirmare, sem merkir „að staðfesta“, „styrkja“ eða „efla.“ En þarf að staðfesta skírinn?

Skírinn þarf auðvitað ekki neina viðbót. Hún er fullgild. Hún er gjöf Guðs sem ekki verður aftur tekin. Það er hægt að ganga úr kirkjunni, hætta að stunda trúna, en það er ekki hægt að ógilda skírinn eða taka hana til baka.

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUBUNNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Nýbýlavegi 10. Kópavogi ☎ 554 2510
www.bilasprautun.is

SIÓVA
TM
VÍR
VORÐUR
f

Miðborgarstemning á UNO

- matur og vín á góðri stundu

Kokkarnir á UNO kunna svo sannarlega að færa íslenskt úrvallshráefni í miðjarðarhaftsþýning og þessi notalegi veitingastaður í hjarta borgarinnar skapar fallega umgjörð fyrir stefnumót og góðra vina fundi. Glas af prosecco gleður á undan máltíð sem svikur engan, enda UNO búinn að skipa sér í fremstu röð veitingahúsa í Reykjavík.

Eldhúsið er opið

17:00 til 23:00 sunnudaga til fimmtudaga
17:00 til 00:00 föstudaga og laugardaga



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

MASI MODELLO BLANCO
- Ítalía - Veneto

Ljósífrónugult. Létt meðalfylling, þurr, fersk sýra. Ljós ávöxtur, sitrus.

PICCINI MEMORO BLANCO
- Ítalía - 4 þrúgur frá 4jum hornum Ítalíu

Strágult. Meðalfylling, þurr, fersk sýra. Ljós ávöxtur, pera, eik, hunang.

Skelfisk- og saffranrisotto

Saffran risotto,
hörpuskel, humar,
kræklingur,
grænar ertur,
tómatur.

Suðrænt og seiðandi

Það falla margir fyrir gula saffran-risottoinu sem er fullt af hörpuskel, humri og krækling. Grænar ertur og tómatar gefa enn meiri lit í þennan fallega rétt. Ískalt Pinot Grigio frá Montalto er ómissandi með.



UNO cucina italiana
Hafnarstræti 1-3
101 Reykjavík
Sími 561 1313
Netfang uno@uno.is
Borðapantar í síma 561 1313

Matthías Löwe í Melaskóla sigraði í upplestrarkeppninni

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í sjöunda bekk skólaárið 2013 - 2014 var haldin í Ráðhúsinu í Reykjavík miðvikudaginn 2. apríl.

Þátttakendur voru úr Austurbæjarskóla, Grandaskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla, Landakotskóla, Melaskóla, Suðurhlíðaskóla og Vesturbæjarskóla. Sigurvegari keppninnar var Matthías Löwe, nemandi í 7. MB í Melaskóla. Auk Matthíasar tóku þátt fyrir hönd Melaskóla Arney Iris E. Birgisdóttir í 7. ÞÍ og Þóra Birna Ingvarsdóttir í 7. ÞH. Öll stóðu þau sig með stakri þryði.



Matthías með umsjónarkennara sínum sem auðvitað var ekki síður stoltur.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk


4 vikna
vornámskeið
hefst 26. apríl

Ballett-fitness
fyrir fulloröna

Upplagt til kynningar fyrir byrjendur.
Upplýsingar í síma 561 56 20.



www.schballett.is



BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving

Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is

Löður

Kíktu inn á www.lodur.is

Opið alla daga!

Kíktu til okkar á Fiskislóð 29
Opið alla daga frá 08:00-19:00

- 🌧 Svampburststöð, 54 m löng
- 🌧 Snertilaus sjálfvirk bílapvottstöð
- 🌧 Háprýstipvottur
- 🌧 Bónstöð

Aldrei
löng bið!

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is - Sími 544 4540

rainx



Efnilegir tölvuleikjasmíðir

Þessir ungu drengir tóku þátt í keppni hjá Icelandic Industry um að búa til áhugaverða tölvuleiki, þar sem þeir voru tilnefndir sem áhugaverðasti hópurinn enda aðeins 14 ára að aldri og eru nemendur 9. bekk Hagaskóla.

Þeir nefndu hópinn "The Flying Dutchman Games" og tölvuleikurinn nefndu þeir "Tom & Moonfury - Adventure Through Afterlife".

Kynnir í keppninni sagði að það ætti að fylgjast vel með þessum ungu mönnum því að þeir ættu framtíðina fyrir sér. Strákar heita frá vinstri Kveldúlfur Kjartansson, Jón Stefán Pétursson, Óðinn Ásbjarnarson, Úlfur Árnasson og Flóki Sigurjónsson.



Barnamenningarhátíð í Borgarbókasafni

DAGSKRÁ Í AÐALSAFNI, TRYGGVAGÖTU 15

DRAUMAVINIR 29. apríl kl. 17

Myndasögusýning frá Finnlandi sem sýnir rjómann af norrænum og baltneskum myndasögum.

UPPÁHALDSBÓKIN MÍN 29. apríl - 4. maí kl. 15-18

Myndbönd nemenda í 6. bekk sem tala um uppáhaldsbókina. Umsjón Marteinn Sigurgeirsson.

SUNNUDAGASKÓLINN SYNGUR 3. maí kl. 14-15

Litháíski sunnudagsskólinn sýnir atriði sem byggir á litháískum sögum og söng undir stjórn Renatu Pratusyte.

AFMÆLI PANDÓRU 3. maí kl. 16-17 og 4. maí kl. 14-15

Látbragðsleikur eftir Láru Roure. Allt er tilbúið fyrir afmælið en svo verða vandræði! Skemmtun fyrir alla aldurshópa.

ÖRLEIFUR OG HVALURINN 4. maí kl. 15-16

Sýning á tveimur tungumálum um örsmáan ferðalang sem tekst á hendur langa ferð til Norðursins. Eftir pólska skáldið Julian Tuwin. Sögumenn ljóðsins verða leikarinn Krystian Munia sem mun flytja ljóðið á pólsku og Þórarinn Eldjárn á íslensku en hann þýddi jafnframt og endurorti.

HVAÐ BÝR Í HEIMUNUM OG VOGUNUM? 3. maí kl. 12

Bókmenntaganga frá Sólheimasafni, Sólheimum 27. Barnabókmenntaganga um Heima- og Vogahverfi þar sem skyggst verður í bókmenntir tengdar hverfinu. Umsjón hefur Sigrún Jóna Kristjánsdóttir.

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Aðalsafn, Tryggvagötu 15, sími 411 6100
borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

www.borgarbokasafn.is
www.bokvit.tumblr.com
www.bokmenntir.is - www.artotek.is

Afgreiðslutími:
Mán- fim 10-19, fös 11-18, lau-sun 13-17

Þvottakústar rispa og skemma lakkið

Mjög mikilvægt er að hugsa vel um bifreiðar þegar kemur að bílaþvotti. Það skilar sér í endursölu að bílarnir líti vel út og lakkið sé óskemmt auk þess sem það er auðvitað miklu skemmtilegra að aka um á hreinum bíl. Með reglubundnum þvotti og góðri umhirðu endist bíllinn mun lengur og verður síður ryði að bráð. Páll Magnússon hjá Lööri bendir á að þvottakústar á bílalplönnum rispi gjarnan lakkið á bílunum með hárfinum rispum sem á endanum gerir lakkið matt.

„Fjöldmörg dæmi eru um nýlega bíla sem eru farnir að láta verulega á sjá því lakkið er orðið afar matt og orsök in er í langflestum tilfellum tvíþætt. Annars vegar þvottakústar bílplananna og hins vegar tjara sem aflitar lakkið og eyðuleggur herslu þess. Bílakústar rispa og matta öll bílalökk. Ef bíllinn eða þvottakústurinn er óhreinir virkar kústurinn eins og sandpappír á lakkið. Tjaran og eldfjallaaskan sest á bílanna og gerir það að verkum að enn mikilvægara er að þvo bílanna á réttan hátt til að rispa ekki lakkið,“ segir Páll.



Páll Magnússon hjá Lööri.

Fjórum sinnum meira vatn til spillis á bílplaninu

Hann bætir við að malbikið hér á landi sé yfirleitt samsett úr möluðu grágrýti, 10 til 15 mm kornastærð, og tjöru ásamt öðrum aukaefnum sem er ætlað að bæta styrk og viðloðun. „Íslenskt grjót er mjög mjúkt í samanburði við erlent grjót sem veldur því að nagladekkin eiga nokkuð auðvelt með að rífa það upp í svifryk og tjöru sem hleðst á bílana okkar. Tjaran fer mjög illa með lökk á bílum. Hún bæði aflit-

ar lakkið með tímanum og dregur úr styrkleika þess. Salt þækillinn á götum úti er svo ekki til að hjálpa til,“ segir Páll.

Páll segir enn fremur að varðandi umhverfisþáttinn sýni rannsóknir að fólk notar allt að fjórum sinnum meira vatn við bílaþvottinn þegar bíllinn er þveginn heima eða á þvottaplani bensinstöðva en þegar honum er ekið í gegnum snertilausa þvottastöð.

Umferð hunda og katta 2014



Orðsending til hunda- og kattaeigenda

Af gefnu tilefni vill umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla. Hundabann gildir í Gróttu allt árið.

LAUSAGANGA HUNDA ER BÖNNUÐ Á SELTJARNARNESI



Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Mjög „Gott mál” í Hagaskóla

Nemendur Hagaskóla hafa frá í janúarmánuði verið að skipuleggja árlegan góðgerðardag sem gengur undir nafninu Gott mál – unglingar fyrir unglinga. Sá dagur var 9. apríl sl.

Þetta er fimmta árið sem góðgerðardagurinn er haldinn. Mikil vinna og fræðsla liggur á bakvið þennan dag. Á opnu húsi þennan dag stóðu allir bekkir fyrir fjárflyun af einhverju tagi. Meðal þess sem var í boði var draughús, andlitsmálning, happdrætti, veitingastaðir, þrautir, uppstand og tónlist. Ásamt því sýndu nemendur ýmis skemmtiatriði á sviði og á göngum skólans. Þrjú kaffihús voru staðsett á mismunandi stöðum í skólanum þar sem gestir gátu sest niður og notið veitinga.

Í ár komust bekkjarfulltrúarnir að þeirri niðurstöðu að styrkja tvö erlend málefni og umræður á báðum fundunum sem voru haldnir voru mjög fjórar og góðar. Unglingarnir okkar hafa mikla samúð með börnum sem

búa við stríðsástand og í flóttamannabúðum og umræður um gildi menntunar voru gríðarlega góðar. Krökkunum fannst sérstaklega mikilvægt að styrkja skólabyggingu/menntun þar sem mest er þörf þar sem menntun er ein að grunnstöðum samfélagsins. Ákveðið var að láta ágóða góðgerðardagsins renna til barna í Sýrlandi sem eiga um sárt að binda.



Tónlistarfólk tróð upp í aðalsal Hagaskóla og skemmti viðstöddum.



Skáldið Sigurjón Davíð gekk um ganga skólans og seldi skáldsögu eftir hann sjálfan sem nefndist „25. febrúar – Dagur í lífi Kalla.” Sagan hefst á orðunum: „Ég vissi að eitthvað var ekki eins og það átti að vera þegar ég sá píanóið standa á grasfletinum utan við húsið.”

Knattspyrnufélagið Jálkar í Vesturbænum

Hópur Vesturbæinga stofnaði fyrir stuttu knattspyrnufélagið Jálka. Hópurinn samanstendur af um fimmtán drengjum úr Vesturbænum, og telur í raun mun fleiri manns ef allir velunnarar og aðstandendur félagsins eru teknir með í töluna, og skilgreinar Jálkarnir sig sem Vesturbæjar lið.

Til að mynda má nefna það að Melabúðin er nú þegar komin með auglýsingu framán á búningunum. Klúbburinn er með Instagram, Twitter og Facebook síðu fyrir klúbbinn auk þess að vera að spila í Gull-deildinni þar sem skráðir eru mörg hundruð leikmenn. Er félagið virkt á þessum miðlum og munu búningarnir vera sýnilegir. Nú leita strákarnir eftir fleiri styrktaraðilum sem væri til að kaupa auglýsingu á búningana þeirra.



Prófaðu ljúffenga kæfu
á brauðið



www.ora.is



Við erum á Facebook

Íbúar Reykjavíkur kalla eftir breytingum

Við frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í borginni gengum um öll hverfi hennar fyrir stuttu. Með í för voru íbúar hverfanna sem sögðu okkur frá einu og öðru sem mætti sinna betur. Markmið okkar með þessum göngum var einmitt að sjá með eigin augum hvernig ástandið væri í hverju og einu hverfi og hvað það væri sem brynni á íbúnum. Þó áherslurnar væru misjafnar milli hverfa var eitt sem alls staðar var talað um. Það var almenn umhirða.

Íbúarnir kalla eftir því að grasslætti verði sinnt betur og að almenn tiltekt verði meiri og betri. Borgin þurfi að gera betur í því að sporna við veggjakroti, jólatrén verði hirt og fólk þurfi ekki að tröða þeim inn í bílinn sinn með tilheyrandi óþrifnaði. Þetta er það sem stundum eru kölluð litlu málin en þau eru ekkert lítil þegar allt er tekið saman.

Þessu og mörgu fleiru hefur verið illa sinnt en einhvern veginn hefur meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins/Bjartrar framtíðar tekist að tala sig framhjá umdeildum málum með því að tala um eitthvað annað eða með því að senda embættismenn í óvinsælu málin. Svo mæta kjörnu fulltrúarnir og tala fyrir því sem þeim finnst öruggt og skemmtilegt. Mál þar sem ekki þarf að hafa embættismennina sem mannlegan skjöld. Mál þar sem ekki þarf að mæta borgarbúum og hlusta á þá.

Og það er svo merkilegt að það er eins og borgarþúar trúir því að hlutirnir séu í lagi hjá meirihlutunum þó þeir séu það ekki. Það er mikil óánægja með þjónustu borgarinnar um það vitnar þjónustukönnun Capacent, borgin er þar í neðsta sæti. Það er gríðarleg óánægja með það sem meirihlutinn kallar íbúalýðræði og birtist í sameiningum skóla og flugvallarmálinu. Og hvert er íbúalýðræði meirihlutans? Jú, að hunsar allar ábendingar og undirskriftarlista.

Dæmi um mál þar sem meirihlutunum fannst best að láta embættismenn svara fyrir eru einhverjar umdeildustu „gatnaframkvæmdir“ sem Reykvíkingar hafa orðið vitni að í tíð núverandi borgarstjórnarmeirihluta. Í kjölfar þess að Hofsvallagata, sem liggur við hjarta Vesturbæjarins, var máluð í fjölskrúðugum litum og þrengd með furðulegum umferðareyjum og fuglakofum, spruttu upp mikil mótmæli af hálfu borgarbúa. Stór hluti þeirra íbúa sem búa við götuna setti nafn sitt við undirskriftasófnun þar sem þessum óskiljanlegu gatnaframkvæmdum var andmælt og í kjölfarið var haldinn fjölmennur íbúafundur þar sem fulltrúar skipulagsyfirvalda hjá borginni ræddu framkvæmdirnar við íbúa Vesturbæjar. Þar kom fram, líkt og áður, að ábyrgðin á þessu tug milljóna króna klúðri lægi ekki hjá kjörnum fulltrúum Reykjavíkinga heldur hjá embættismönnum á umhverfis- og skipulagsviði borgarinnar.

Þessi útskýring borgaryfirvalda vekur upp spurningar um vald- og fjárheimildir ókjörinna embættismanna borgarinnar. Getur það verið að óbreyttir embættismenn hafi heimild til þess að reiða fram tugi milljóna króna úr sjóðum borgarinnar án þess að leita eftir samþykki yfirmanna viðkomandi sviðs – nú eða borgarstjóra? Vandséð er að millistjórnendur á einkamarkaði kæmust upp með slíkt. Þá skýtur þessi fjáraustur óneitanlega skökku við í ljósi þess á síðustu árum hafa borgaryfirvöld skorð grunnþjónustu í úthverfum borgarinnar niður við nögl eins og skólasund í Grafarholti og Úlfarsárdal. Þá hafa borgaryfirvöld á síðustu árum ítrek-

að borið fyrir sig fjármagnsskorti í tengslum við slæma umhirðu í hverfum borgarinnar og hirt hana afar illa. Svo illa að íbúarnir kvarta hástöfum og segjast skammast sín fyrir borgina sína.

Nú þegar borgarstármenn eru búnir að spúla burt litríku breytingarnar á Hofsvallagötu með háþrýstidælum og fyrrnefndar milljónum því endanlega farnar í súginn er því rétt að spyrja hvort borgarþúar fái útskýringu á því hvernig svona framkvæmd gat farið fram án afskipta íbúana. Voru þetta kannski kjörnu fulltrúarnir sem tóku ákvörð-

unina en vilja bara tala fyrir góðu málanum og nota embættismennina sem mannlegan skjöld?

Það er ekkert undarlegt að Reykvíkingar kalli eftir breytingum. En þá þurfa kjósendur að gleyma núverandi meirihlutflokkum í kosningunum 31. maí nk.

*Halldór Halldórsson
leiðir framboðslista
Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík*



Halldór Halldórsson.

Fjöruferð



Leikskólabörn frá leikskólanum Jöfra voru fyrir skömmu í fjöruferð og rannsóknarleidangri um náttúruna neðan Ægisíðu.

HEIMSENDINGAR TILBOÐ

Stór pizza með 2 áleggstegundum, 2l. gos, stór brauðstangir og sósa 3250 kr

Miðstærð pizzu með 2 áleggstegundum, 1l. gos, lítill brauðstangir og sósa 2850 kr

Pantaðu stóra pizzu af matseðli og 2l. gos, og þú færð litlan skammt af brauðstöngum og sósu með

TVENNUTILBOÐ SÓTT

Kauptu stóra pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og fáðu aðra pizzu sömu stærðar að auki

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓTTUM PIZZUM

Gildir ekki með öðrum tilboðum, 30" partypizzum eða heilsubökum

ÁLEGG Á PIZZUR

Lítill pizza: **190 kr**

Miðstærð pizza: **290 kr**

Stór pizza: **420 kr**

MEÐLÆTI

Brauðstangir

Lítill skammtur: **650 kr**

Stór skammtur: **750 kr**

Ostabrauðstangir: **950 kr**

Brauðstangasósa: **170 kr**

Hvítlauksolía: **170 kr**

BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR 1090 kr

GOS

1/2 L. í dós: **270 kr**

1/2 L. í plasti: **270 kr**

1 L. í plasti: **299 kr**

2 L. í plasti: **399 kr**

FRANSKAR KARTÖFLUR

Lítill **450 kr**

Stór **850 kr**



Smiðjuvegi 2 KÓP. - Hringbraut 119 REYKJAVÍK

S. 554 4444



S. 554 4444

HEILSU BÖKUR

Pizzubotnar úr heilkornahveiti

Í botnunum okkar er enginn sykur. Við notum aðeins fyrsta flokks heilkorna hveiti og íslenskan ost í allar okkar bökur. Hverri heilsuböku fylgir ferskt rucola salat og jógurtsósa.

Milanóbaka: Kjúklingur, rauðlaukur og döðlur - **2490 kr**

Humarbaka: Hvítlauxbakaður humar og sólblómafræ - **2590 kr**

Sjávarréttabaka: Rækjur, kræklingur og hvítlaukur - **2590 kr**

Parmabaka: Parmaskinka og Camembert - **2490 kr**

Grænmetisbaka: Sveppir, paprika, rauðlaukur, ólífur og fetaostur - **2490 kr**

Hafðu það hollara og betra!

Nýtt
Hollari
heilsubökur



Dagur B. Eggertsson:

Barnapakinn

Það er erfitt hjá mörgum barnafjölskyldum að láta enda ná saman og eiga fyrir fjölbreyttum frístundum fyrir krakkana og öðrum útgjöldum. Tónlist, íþróttir og aðrar skipulagðar frístundir eru engu að síður ómetanlegur undirbúningur fyrir framtíðina. Það er prinsipp að efna-hagur foreldra ráði ekki úrslitum um þátttöku í frístundastarfi. Samfylkingin hefur því samþykkt tillögur um hækkun frístundakorts úr 30.000 í 50.000 á hvert barn. Þetta verður innleitt í áföngum og útfært í samráði við frístundageirann. Hækkun frístundakortsins er hluti af „barnapakka“ Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Borg sem er góð fyrir börn hlúir að framtíðinni. Þannig borg er góð fyrir alla.

Barnapakinn er í fjórum liðum

- Í fyrsta lagi. Reykjavík er og verði áfram hagstæðust fyrir fjölskyldur. Þetta þýðir að samantæktir skattar, fasteignaskattar, gjöld og gjaldskrár verði áfram hagstæðust í Reykjavík í samanburði við önnur sveitarfélög.

- Í öðru lagi. Systkinaafsláttur verði veittur þvert á skólastig. Reykjavík býður - ríkulega systkinaafslætti fyrir barnafjölskyldur. Þessi nýjung þýðir að fjölskyldur fái afslátt vegna systkina þó að annað þeirra sé á leikskóla en hitt í grunnskóla. Þetta teljum við vera sanngjarna kjarabót sem nýtist barnmörgum fjölskyldum.

- Í þriðja lagi. Frístundakort verði hækkuð úr 30.000 kr í 50.000 kr. á

hvert barn á kjörtímabilinu, skv. útfærslu sem unnin verði í samstarfi við íþróttafélög, tónlistarskóla og æskulýðssamtök. Við höfum áhyggjur af því að sum börn fari á mis við skipulagt tómsundastarf vegna fjárhagsaðstæðna. Með því að hækka frístundakortið vinnum við gegn því.

- Í fjórða lagi. Bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði brúað með fjölbreyttum aðferðum í áföngum. Þetta er risastórt samfélagslegt verkefni sem mun taka tíma en er ekki að hægt skilja eftir til úrlausnar fyrir foreldra ungra barna. Fæðingarorlof þarf að lengja. Síðan þarf að tryggja öryggi og auðveldara aðgengi að þjónustu eftir að orlofi lýkur í samvinnu við dagforeldra, ungbarnaleikskóla en síðast en ekki síst að krakkar komist yngri inn á venjulega leikskóla.

Barnapakinn er eitt af aðalstefnumálum Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Öll stefnumál okkar taka mið af fimm ára áætlun um fjárhag Reykjavíkurborgar og ábyrgri stefnu í fjármálum borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóraefni Samfylkingarinnar
í Reykjavík



Dagur B. Eggertsson.

PÁSKAEGGJALEIT



Laugardaginn 19. apríl kl. 13 á Ægisíðunni við grásleppuskúrana

Krakkar, mömmur, ömmur, pabbar og afar

Leitað verður að fagurlega skreyttum eggjum

Öll börn fá svo súkkulaðiegg frá Freyju

- Páskaeggjaleit
- Húllahoppkeppni
- Kaffiveitingar
- Andlitsmálun

Munið að taka með körfur eða poka undir eggin

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi ræsir keppnina

Allir velkomnir

Félag sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



HERRAKVÖLD

FÖSTUDAGINN 25. APRÍL

Í VERSÖLUM

VIÐ HALLVEIGARSTÍG

HÚSIÐ OPNAR KL. 19:30

MÍÐAVERÐ 6.500 kr.

VEISLUSTJÓRI
LOGI BERGMANN

RÆÐUMADUR KVÖLDSINS
GUÐNI ÁGÚSTSSON

MATSEÐILL

STEIKARHLAÐBORD

ÁRGANGAMÓT KL. 16:00

Á KR GERVIGRASINU

SKRÁNING HJÁ BJÖGGA VILL S: 845 7588

OG HALLA HALL S: 864 4594

MÍÐASALA Í KR-HEIMILINU

Bernskuminningar úr Vesturbænum

Pórunn Ásdís Óskarsdóttir eyddi fyrstu árum ævinnar á Nesveginum og rifjar upp skemmtilegar bernskuminningar

Á æskustöðvum mínum hafði ég alltaf KR í sjónmáli

Þegar ég, Pórunn Ásdís Óskarsdóttir, fæddist í mars 1964, bjuggu foreldrar mínir, Erla Friðriksdóttir og Óskar Guðmundsson heitinn, hjá foreldrum mómmu á Nesvegi 64, í einu af „sænsku húsum“ eins og þau voru kölluð. Fljótlega fluttum við í Granaskjól 18 „í botnlangann“ g svo örfáum árum síðar aftur á Nesveg 64. Mér þykir vænt um að Nesvegur 64 er enn í famliunni, en móðurbróðir minn Árni og Lív konan hans búa þar. Á mínum æsku-árum voru „nýju húsin“ við Nesveginn ekki risin, þar voru dúfnakofar, fíflatún og há strá, hinar bestu leikaðstæður.

Í stuttu máli sagt tengjast flestar æskuminningar KR. Aðalatriðið hjá þabba sérstaklega, var að búa helst örstutt frá KR-heimilinu. Þabbi var ötull KR-ingur, hann var um tíma einn besti badminton-spilari landsins, en svo var hann líka mikill skíðamaður, æfði um tíma fótþolta og þjálfaði held ég líka á einhverju tímabili. Mamma æfði líka badminton og spilaði einnig handþolta í KR á yngri árum. Þabba þótti svo ekkert verra að eignast tengdason sem var líka KR-ingur, en það er maðurinn minn Júlíus Þorfinnsson, sem spilaði með meistaraflokki KR í fótþolta. Yngri systir mín Guðný Arndís Óskarsdóttir fædd 1971 æfði svo að sjálfsgöðu líka badminton, nema hvað. Við systurnar vorum líka ballet, ég í ein sex eða sjö ár, og það var hjá Eddu Scheving heitinni en hún var mikill KR-ingur. Þannig að þetta mikla KR tengslanet setur sterkan svip á æskuminningarnar.

Ég var snemma farin að sveifla badmintonspáðanum og var ekki nema smátítla að sniglast í kringum vini mína húsverðina í KR, t.d. Þránd hinn færeyska og Guðbjörn. Þegar ég var búin þvælast nógu mikið fyrir þeim, var mér treyst til að afgreiða í sjoppunni, sem var einstaklega spennandi, og maður á kannski ekki að segja hátt frá því en vindlærekyrinn sveif þykkur í loftinu og þótti það ekkert annað en sjálfsagt á þeim tíma. Þarna þvældist ég um húsið á meðan mamma og þabbi voru á badmintonæfingum og kynntist ég mörgum „KR-köllum“ og börnum þeirra, t.d. Sveini Björns og Geir syni hans, Friðleifi Stefáns og Siv dóttur hans, Erni Steinsen og Örnú dóttur hans og mörgum fleirum. Ekki leið á löngu þar til ég var farin að æfa sjálf á fullu, m.a. með Örnú og Siv. Á fyrsta mótinu mínu þegar ég var 10 ára skíttapaði ég leiknum. Eftir fyrstu lotuna ætlaði ég ætlaði að vipa mér yfir á hinn vallarhelminginn en kúluteygjan í hárinu á mér festist í netinu og leikurinn tafðist á meðan nærstaddir, dómari, þabbi og

fleiri reyndu að losa mig úr netinu. Smá vandræðalegt, ofaní tapið. Badminton er göfug og falleg íþrótt og ég spila enn einu sinni í viku með „Jöxlunum“ í TBR, og missi helst ekki úr æfingu, þetta er svo gaman.

Í Skálafell um helgar

Fjölskyldan fór iðulega í Skálafell um helgar, sem skíðadeild KR byggði upp, og rak þá. Þegar yngri systir mín fæddist var barnavagninum kippt með og hún svaf í vagninum á meðan hinir fjölskyldumeðlimirnir brunuðu niður brekkurnar. Þarna voru „allir,“ mikið fjölskyldulíf og gaman, og mamma smurði nesti og hitaði kakó kvöldið áður svo að við gætum verið komin sem fyrst í fjallið. Ég á yndislegar minningar úr Skálafellinu og nú er ég farin að skapa nýjar minningar þar með Sindra 12 ára syni mínum.

Gómuðu innbrotspjóf

Við fluttum svo í blokk á Kaplaskjólsvog 27 í nokkur ár. Þaðan, af 4. hæðinni, var afar gott útsýni yfir KR völlinn, enda gómuðu þabbi og afi eitt sinn innbrotspjóf sem var á leið inn um glugga á KR-heimilinu, þar sem þeir stóðu á svölunum að fá sér frískt loft. Við fluttum svo aftur á Nesveginn en nú á númer 70, sem var á næstu lóð við ömmu og afa á 64. Foreldrar mínir ætluðu reyndar að vera rosa praktísk einhvern tímamót á verðbólguárunum og það voru fest kaup á finni blokkaríbúð í Hafnarfirðinum - ég átti að fá sérherbergi og ég veit ekki hvað og hvað - en aldrei kom að því að við fluttum þar inn, þau seldu íbúðina áður, ég býst við að fjarlægðin frá KR vellinum hafi einfaldlega verið of ófyrstíganleg hindrun.

Það sem er sterkt í minningunni þegar ég hugsa til baka til æskúarána í Vesturbænum er að það voru krakkar úti að leika alls staðar. Ég held að mesta leikstuðið hafi verið í kringum blokkina á Kapló en það var leikið út í eitt, á bílplaninu eða í garðinum eða á næstu grösum. Brennibolti var eiginlega rauði þráðurinn; brennó, hollí hú, yfir, og fleiri góðir klassíkerar. Maður kemst ansi langt í leik með einn brennibolta, -fyrir einn og fleiri.

Svo var bókabíllinn ómissandi, en hann stoppaði á KR planinu, að mig minnir í klukkutíma tvisvar í viku. Sennilega höfum við Júlíus maðurinn minn, átt okkar fyrsta stefnumót þar án þess að vita það, en hann bjó í næstu blokk við mig á Kaplaskjólsveginum, - við þekktumst reyndar ekkert þá, en ég man eftir sætu konunni sem vann í Mela-



6.D í Melaskóla. Ragna Ólafsdóttir kenndi okkur alveg frá 7 til 12 ára aldurs. Í bekknum voru Ingibjörg Ólafsdóttir, Katrín Ólafsdóttir, Sigríður Margrét Þorkelsdóttir, Ragnar Gestsson, Bragi Gunnarsson, Hildur Soffía Ámundadóttir, Ingibjörg Sandholt, Sólrún Harðardóttir, Elin Einarsdóttir, Ingunn Hansdóttir, Helga María Stefánsdóttir, Júlíana Rún Indriðadóttir, Þóra Gunnarsdóttir, Ásthildur Lind Sværisdóttir, Ragnhildur Magnúsdóttir, Kristjana Blöndal, Þórdís Hauksdóttir, Helga Birkisdóttir, Árni Benediktsson, Jón Þór Viglundsson, Sigurður Smári Gylfason, Ragna Ólafsdóttir heitin, Andrés Magnússon, Davíð Skúlason, Stefán Bragi Bjarnason, Pórunn Ásdís Óskarsdóttir, Hildur Hrefna Kvaran og Stefanía Óskarsdóttir.

búðinni, og það er tengdamóðir mín í dag.

Fljót að tala og lesa

Ég var fljót til, að tala og lesa og var víst strax mjög skýrmælt. Í Granaskjólínu var mamma að kenna mér Faðirvorið þegar ég var þriggja ára og svo kom að þessari setningu: Eigi leið þú oss í freistni? Þá spurði ég mómmu kotroskin „Etlí það sé hann Egill hérna upp á lofti?“ -en það var maður að nafni Egill sem átti heima á efstu hæð hússins og mér þótti greinilega líklegt að þarna væri um hann að ræða.

Ég var í leikskóla í næsta bæjarfélagi, á Fögrubrekku á Seltjarnarnesi og mér er sagt að ég hafi setið þar á stól og lesið fyrir hin börnin á stundum, örugglega minnst eftir aldri..

Í dag búum við fjölskyldan, ég, Júlíus, Styr og Sindri enn í Vesturbænum. Reyndar „hinum megin“ Hringbrautarinnar, á ynd-



Ég, Pórunn Ásdís Óskarsdóttir.

islegum stað á Ásvallagötunni. Og það er þægilega stutt út í KR, en Sindri 12 ára æfir fótþolta þar og lærir á gítar í Frostaskjól.

Afar blómlegt verslunarhverfi

Nesvegurinn var á þessum árum afar blómlegt verslunarhverfi. Sunnukjör, mjólkurbúðin þar sem maður keypti 1 pund af skyri pakkað í bréf, fiskbúðin og svo auðvitað Neskjör, þar sem Ari heitinn réð ríkjum og var einhver veginn einn af fjölskyldunni fannst manni. Svo var búð á horni Nesvegs og Kaplaskjólsvogar (eða Faxaskjól), sem seldi minnir mig vefnaðarvörur og finerí. Þangað arkaði ég með pening úr sparibauknum og keypti fyrstu gjöfina handa mómmu, ótrúlega flott ilmvatnsglas sem var eins og hús í laginu og í strompinum var tappinn, - ofboðslega sterk og góð lykt af því.



Við fjölskyldan fyrir utan Nesveg 64. Það glittir í Nesveg 70 en þar áttum við eftir að búa lengi síðar.



Við systurnar fyrir utan Nesveg 64, ábyrgðartilfinningin skín af mér, 7 árum eldri og tilbúin í pössunarhlutverkið.



Helgihald í Neskirkju um páskana

Skírdagskvöld

Messa kl. 20.00.

Við lok messunnar verður altarið afskrýtt og á það lagðar 5 rósir sem tákni um sármerki Krists. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Örn Bárður Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Föstudagurinn langi

Guðsþjónusta kl. 11.00.

Jón Sigurðsson fv. skólastjóri á Bifröst prédikar. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur sr. Örn Bárður Jónsson

Páskadagur

Hátíðarmessa kl. 8.00.

Hátíðartón. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Sr. Örn Bárður Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari.

Morgunverður og páskahlátur eftir messu.

Upprisutónleikar kl. 10.00.

Steingrímur Þórhallsson organisti flytur tónlist.

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00.

Organisti Steingrímur Þórhallsson. Ása Laufey Sæmundsdóttir, cand teol. og sr. Örn Bárður Jónsson þjóna. Páskaeggjaleit að lokinni guðsþjónustu.

Annar í páskum

Fermingarmessa kl. 11.

Félagar úr kór Neskirkju syngja. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur sr. Örn Bárður Jónsson.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 5771515 • skorri.is

Heilsulindir í Reykjavík



skelltu þér í
SUND
um páskana

Lykill
af góðri
heilsu

Afgreiðslutími

	Skírdagur 17. apríl	Föstud. langi 18. apríl	Laugardagur 19. apríl	Páskadagur 20. apríl	Annar í Páskum 21. apríl	Sumard. fyrsti 24. apríl
ÁRBÆJARLAUG	kl. 9-18	kl. 10-18	kl. 9-18	kl. 10-18	kl. 9-18	kl. 9-18
BREIÐHOLTSLAUG	kl. 9-18	Lokað	kl. 9-18	Lokað	kl. 9-18	kl. 9-18
GRAFARVOGSLAUG	kl. 9-18	Lokað	kl. 9-18	Lokað	kl. 9-18	kl. 9-18
KLÉBERGSLAUG	kl. 11-15	Lokað	kl. 11-15	Lokað	kl. 11-15	kl. 11-15
LAUGARDALSLAUG	kl. 8-22	kl. 10-18	kl. 8-22	kl. 10-18	kl. 8-22	kl. 8-22
SUNDHÖLLIN	kl. 10-18	Lokað	kl. 8-16	Lokað	kl. 10-18	kl. 10-18
VESTURBÆJARLAUG	kl. 9-18	kl. 10-18	kl. 9-18	kl. 10-18	kl. 9-18	kl. 9-18



Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is | sími 411 5000

Páskadagsskrá Dómkirkjunnar



Skírdagur

Fermingarmessa kl. 11.

Séra Hjálmar Jónsson og séra Anna Sigríður Pálsdóttir. Dómkórinn og organisti er Kári Þormar.

Skírdagskvöld kl. 20.

Messa kl. 20 Dr. Einar Sigurbjörnsson prédikar og séra Hjálmar Jónsson og séra Anna Sigríður Jónsdóttir þjóna. Dómkórinn og organisti er Kári Þormar.

Föstudagurinn langi Guðþjónusta kl. 11.

Séra Hjálmar Jónsson, prédikar og þjónar fyrir altari. Dómkórinn syngur og organisti er Kári Þormar.

Krossferil Krists kl. 14.

Sr. Anna Sigríður Pálsdóttir og Ólafur Jón Magnússon guðfræðinemi lesa píslarsöguna og vers úr Passíusálmunum. Á milli verður leikin falleg tónlist. Dómkórinn og organisti Kári Þormar.

Páskadagur

Hátíðarmessa kl. 08.

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands prédikar, séra Hjálmar Jónsson og séra Anna Sigríður Pálsdóttir þjóna. Dómkórinn syngur og Kári Þormar er organisti.

Hátíðarmessa kl. 11

Sr. Hjálmar Jónsson prédikar og þjónar. Fermd verða tvö börn. Dómkórinn syngur og Kári Þormar er organisti.

Annar í Páskum

Messa kl. 11

Séra Anna Sigríður Pálsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Dómkórinn syngur og Kári Þormar er organisti.

Þrjónakvöld verður í safnaðarheimilinu, Lækjargötu 14a þriðjudaginn 22. apríl kl. 19. Gestur okkar þá verður Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur.

Sjá nánari dagskrá á domkirkjan.is

Búsetukjarnar byggðir fyrir fatlað fólk með miklar þjónustufarir

Borgarráð hefur samþykkt áætlun um byggingu 5 nýrra búsetukjarna fyrir fatlað fólk með miklar og sértækar þjónustufarir. Samkvæmt áætluninni munu 28 einstaklingar, þar af fimm börn fá tilboð um búsetu og þjónustu innan þessara nýju kjarna. Með nýjum húsnæðisúrræðum losnar um þjónustu sem hægt er að bjóða öðru fólki en biðlistar eru eftir skammtímaheimilum og stuðningsþjónustu. Áætlað er að húsnæðið verði tilbúið á næstu 2 árum. Byggingarkostnaður er áætlaður 800-900 milljónir króna en árlegur rekstrarkostnaður verður um 540 milljónir króna. Samkomulag hefur verið gert við Félagsbústaði sem hefur hafið undirbúning með Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Umhverfis- og skipulagssviði. Staðsetning búsetukjarnanna verður á Austurbrún, Þorláksgeisla, Kambavaði og Einholti.



Björk Vilhelmsdóttir.

Áðrar mögulegar lóðir vegna framtíðaruppbyggingar velferðarsviðs vegna sértækra búsetuúrræða fyrir fatlað fólk gætu verið: Bústaðablettur, Vesturberg, Sólheimar og Holtavegur. Sækja þarf um sérstök byggingarleyfi á þessum stöðum og því henta þær lóðir til framtíðaruppbyggingar frá árinu 2017.

Einstaklingsmiðuð þjónusta og sanngjörn leiga

Íbúar nýrra þjónustukjarna fá einstaklingsmiðaða þjónustu út frá sínum þörfum og óskum, þó svo um búsetukjarna sé að ræða. Kjarnarnir eru einungis byggðir fyrir þá sem þurfa vegna fötlunar sinnar mjög sértækt húsnæði þar sem tekið er mið af aðstæðum strax á hönnunarstigi. Annað fatlað fólk getur búið í eigin húsnæði, í búseturéttaríbúðum og eða á leigumarkaði. Með tillögu þessari er fundin leið til þess að leigian verði afar sanngjörn þó svo húsnæðið sé í sjálfu sér dýrt. Íbúarnir munu greiða þá fermetra sem eru í sinni íbúð og miðast fermetraverð við leiguverð Félagsbústaða í nýbyggðum fjölbýlishúsum.

KR-ingar minnst Magnúsar Mássonar



Við leiði Magnúsar Mássonar í Fossvogskirkjugarði. F.v.: Guðmundur Haraldsson, milliríkjadómari, Theódór Guðmundsson, Þorgeir Guðmundsson, pílukastari og Guðmundur Pétursson, fyrrum markvörður KR. Með í för var einnig Þórður Jónsson sem tók myndina. Þessir menn eru allir fyrrum leikmenn í yngri flokkum og meistaraflokkum KR.

Fyrir skömmu lögðu nokkrir KR-ingar leið sína í Fossvogskirkjugarði að leiði Magnúsar Mássonar.

Tílefnið var að einn efnilegasti leikmaður KR í yngri flokkunum í kringum 1960 hét Magnús Másson. Hann var fyrirliði og leiðtogi hópsins, enda léttur og skemmtilegur og hvers manns hugljúfi. Hann greindist hins vegar með alvarlegan

hjartasjúkdóm á unglingsárunum og lést af völdum hans haustið 1963. Magnús hefði orðið 70 ára 24. mars sl. hefði hann lifað. Þess vegna kviknaði sú hugmynd að það væri við hæfi að að heiðra minningu fallins félaga. Lögð voru blóm og kerti á leiði Magnúsar um leið og minnst var góðs drengs sem var alltof stutt í þessum heimi.

Víkingaserkur 6.350 kr.
Þórshamar-hálsmen 750 kr.
Drykkjarhorn 3.250 kr.
Hjálmur 3.495 kr.



Skjöldur 3.990 kr.

Lásbogi og tvær örvar 5.500 kr.
Hjálmur 3.995 kr.



Bogi og þrjár örvar 3.990 kr.



Teygjubysa og tíu mjúkar kúlur 2.500 kr.

Sverð 1.750 kr.
Sverð í slíðri 2.995 kr.
Fleiri stærðir af sverðum til.



Valkyrja, víkingur, ræningjadóttir eða ljónshjarta?

Sumargjöfin fæst í Safnbúðinni

Atgeir 2.695 kr.



Víkingaserkur 6.500 kr.
Sverð 2.750 kr.
Skjöldur 2.500 kr.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Dominosdeild karla í körfubolta:

KR mætir Grindavík eða Njarðvík í úrslitarimmunni

KR er komið í úrslitakeppnina í körfubolta karla, en liðið sló lið Stjörnnunnar út í undanúrslitum. KR-ingar leika til úrslita gegn Íslandsmeisturum Grindavíkur eða Njarðvíkingum, en staðan er er jöfn 2:2, en það skýrist á skírdag hvort liðanna mætir KR en þá leika þau til úrslita um það á heimavelli Grindavíkinga.

Úrslitakeppnin hefst í Frostaskjólínu mánudaginn 21. apríl, sem er annar í páskum, og síðan er leikið á heimavelli Grindavíkinga eða Njarðvíkinga, eftir því hvort liðið kemst áfram, föstudaginn 25. apríl og síðan mánudaginn 28. apríl í Frostaskjóli. Síðan heldur þetta áfram ef ekki hafa þá fengist úrslit, en þrjá sigra þarf til að verða Íslandsmeistari karla í körfubolta 2014.



Frá einum undanúrslitaleik KR-inga gegn Stjörnnunni

Embla og Mist sömdu við KR

Systurnar Embla og Mist Grétarsdætur frá Hornafirði hafa samið við KR, og munu leika með félaginu í sumar í 1. deild kvenna, PEPSI-deildinni.

Mist hefur leikið með meistaraflokki Sindra á Hornafirði frá árinu 2010, alls 35 leiki í deild, bikar og Lengjubikar. Hún lék einnig fjóra leiki með Álftanesi á Faxaflóamótinu í ár og fyrir tveimur árum.

Embla kom til KR árið 1998 og gekk til liðs við félagið að nýju í vetur eftir fimm ár hjá Val. Embla er fjórði leikjahæsti KR-ingurinn með 245 leiki og vantar sjö leiki til að ná Olgu Færseth sem er í 3. sæti yfir leikjahæstu leikmenn.



Embla og Mist Grétarsdætur. Leika með KR í sumar.

KR-ingar með herrakvöld og árgangamót

Árgangamót KR verður haldið á KR velli 25. apríl nk. Þetta er þriðja árið í röð sem mótið er haldið og hefur verið gaman að sjá gamlar kempur mæta á svæðið og rifja upp gamla takta, ef það þá tekst!

Flestir eru nú komnir af sínu léttasta en hugur manna er enn sá sami nokkrum árum seinna og mögulega einhverjum kílóum seinna líka. Í síðasta móti var mjög góð þáttaka og mættu 14 lið til leiks og hafði árgangur 1977 sigur í móti.

Eftir árgangamótið klæða menn sig svo í sparifötin, í þetta sinn er KR búningurinn ekki sparifötin, heldur hin sparifötin í skápnunum. Menn skunda þá saman niður á Hallveigarstíg þar sem herrakvöld KR fer fram með miklum glæsibrag. Þar má enginn sannur KR-ingur láta sig vanta.



KR-völlurinn lítur ekkert sérstaklega vel út þessa dagana en líklega verður hann kominn í leikhæft ástand þegar KR-ingar mæta Val í fyrsta leik Íslandsmeistarans í byrjun maímánaðar.

KR-SÍÐAN



KR-ingarnir Alexander og Tryggvi Íslandsmeistarar í sundi



Stoltir KR-ingar.

KR var með 10 keppendur á Íslandsmótinu í sundi sem fór fram 11. - 13. apríl sl. Bestum árangri náði Alexandar Jóhannesson sem varð Íslandsmeistari í 50 m og 100 m skriðsundi á nýjum Reykjavíkumetum, 23,77 sek og 52,23 sek Tryggvi Gylfason varð Íslandsmeistari í 200 m bringusundi á nýju KR-meti þegar hann synti á tímanum 2.28.91 sek.

Þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill Tryggva í sundi en hann hefur áður unnið til fjölda silfur- og bronsverðlauna á Íslandsmótum. Tryggvi fékk silfur í 100 m bringusundi. Asgeir Beinteinn Árnason varð í 4. sæti í 200 m skriðsundi á tímanum 2.07.46 sek. Kolbrún Jónsdóttir varð í 6. sæti í 100 m skriðsundi og

í 4. sæti í 50 m og 100 m bringusundi. Ari Friðriksson, sem er einungis 15 ára, náði 8. sætinu í 50 m bringusundi. Teitur Hinrichsen var svo í 5. sæti í 200 m flugsundi.

Eins og undarfarin ár mun KR standa fyrir sumarnámskeiðum í sundi í Vesturbæjarlauginni í sumar. Námskeiðin byrja 10 júní og mun hvert þeirra standa í tvær vikur. Skráning fer fram hjá sund@kr.is.

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi sunddeildar KR 3. apríl sl. Jóhannes Benediktsson, sem var formaður deildarinnar á árunum 1998-2012, tók aftur við formennsku af Jón Hjaltasyni sem verið hefur formaður sl. tvö ár.

Mætur KR-ingur fagnar sextugsafmæli!

Baldur Bóbo varð sextugur 20. mars sl. Af því tilefni verður hann með afmælispertý á Rauða Ljóninu á Eiðistorgi 10. maí nk. kl. 21.00. Allir KR-ingar og annað gott fólk velkiomið til að samfagna Baldri. Höfum gaman, saman!



Afmælisbarnið!



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.

12:00 til 15:00

Fimmtudaga

12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga

13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga

13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags

10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



www.kr.is



nettó

Kræsingar & kostakjör

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI
LÍFRÆNT LAMBAKJÖT
MED UPPRUNAMERKINGU
BEINT FRÁ BÓNDA.



SAH Afurðir ehf
Blönduósi



LÍFRÆNT
LAMBALÆRI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.898,-

1.594,-

KALKÚNN
FRANSKUR
KÍLÓVERÐ

1.167,-

TAKMARKAÐ FRAMBOÐ!

-30%

FYLLTUR LAMBAHRYGGUR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.099,-

2.169,-

MILKYBAR
SÚKKULAÐIKANÍNA

149,-



SMARTIES
SÚKKULAÐIUNGI

149,-



PÁSKAEGG NO 9
FREYJU RÍS- EDA DRAUMAEGG

2.198,-

GLEÐILEGA
PÁSKA!

OPNUNARTÍMAR NETTÓ UM PÁSKA

	AKUREYRI	BORGARNES	EGILSSTAÐIR	GRINDAVÍK	HVERAFOLD
SKÍRDAGUR	10.00-18.00	10.00-18.00	10.00-18.00	10.00-18.00	10.00-18.00
FÖSTUDAGURINN LANGI	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
PÁSKADAGUR	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
ANNAR Í PÁSKUM	12.00-18.00	12.00-18.00	12.00-18.00	12.00-18.00	12.00-18.00
	HÖFN	SALAVEGUR	MJÓDD/GRANDI	REYKJANESBÆR	SELFOSS
SKÍRDAGUR	10.00-18.00	10.00-18.00	Opið til miðnættis	12.00-18.00	10.00-20.00
FÖSTUDAGURINN LANGI	Lokað	Lokað	Lokað til miðnættis	Lokað	Lokað
PÁSKADAGUR	Lokað	Lokað	Lokað til miðnættis	Lokað	Lokað
ANNAR Í PÁSKUM	12.00-18.00	12.00-18.00	Dag&nótt	12.00-18.00	10.00-20.00

Tilboðin gilda 16. -21. mars 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.